

Starfskjarastefna Landsvirkjunar

1. Inngangur

Starfskjarastefna Landsvirkjunar er sett með vísan til laga um Landsvirkjun nr. 42/1983 og byggir á meginreglum sem gilda um góða stjórnarhætti fyrirtækja með langtímahagsmuni að leiðarljósi.

Það er stefna og markmið Landsvirkjunar að laða að og hafa ávallt á að skipa hæfu starfsfólki og stjórnendum, sem styðja við hlutverk og stefnu fyrirtækisins. Til þess að svo megi verða er nauðsynlegt að bjóða hófleg en samkeppnishæf laun í samræmi við það sem tíðkast hjá sambærilegum fyrirtækjum, þó án þess að vera leiðandi.

Starfskjarastefnu er ætlað að stuðla að öruggri sókn að markmiðum fyrirtækisins með stöðugleika og jafnrétti að leiðarljósi.

Stefnan er sett af stjórn Landsvirkjunar að fenginni tillögu starfskjaranefndar stjórnar.

2. Gildissvið

Starfskjarastefna tekur til helstu atriða í starfs- og launakjörum forstjóra, stjórnenda og starfsfólks fyrirtækisins og er ætlað að vera leiðbeinandi.

3. Stefna

3.1 Starfsfólk

Starfsfólk Landsvirkjunar skal njóta samkeppnishæfra starfskjara sem endurspeglar ábyrgð og frammistöðu í starfi. Greidd skulu sambærileg laun fyrir sambærilega vinnu óháð kyni í samræmi við jafnlaunakerfi fyrirtækisins.

3.2 Framkvæmdastjórar og stjórnendur

Forstjóri, í samráði við stjórnarformann, ræður framkvæmdastjóra einstakra sviða fyrirtækisins og æðstu stjórnendur, ákvarðar laun þeirra og endurskoðar reglulega með tilliti til starfskjarastefnu og aðstæðna á vinnumarkaði.

3.3 Forstjóri

Stjórn gerir skriflegan ráðningarsamning við forstjóra. Grunnlaun og aðrar greiðslur til forstjóra skulu ávallt vera samkeppnishæfar og taka mið af hæfni, ábyrgð og umfangi starfsins.

Önnur starfskjör skulu vera með áþekkingu hætti og hjá sambærilegum fyrirtækjum eftir því sem ástæða þykir til, svo sem greiðslur í lífeyrissjóð, orlof, hlunnindi, uppsagnarfrestur og önnur kjör.


Starfskjaranefnd skal árlega yfirfara grunnlaun og aðrar greiðslur til forstjóra. Ef ástæða þykir til gerir nefndin tillögu til stjórnar um breytingu og skal þá eftir atvikum hafa hliðsjón af frammistöðu forstjóra og þróun launakjara almennt hjá sambærilegum fyrirtækjum.

Við gerð ráðningarsamnings við forstjóra skal haft að leiðarljósi að ekki komi til frekari greiðslna við starfslok en fram koma í ráðningarsamningi. Heimilt er þó við sérstök skilyrði að mati stjórnar að gera sérstakan starfslokasamning við forstjóra.

3.4 Viðbótargreiðslur

Heimilt er að greiða forstjóra, stjórnendum og öðru starfsfólki árangurstengdar viðbótargreiðslur og skulu þær miðast við frammistöðu viðkomandi, mikilvæga áfanga í rekstri og starfsemi fyrirtækisins. Slíkar viðbótargreiðslur skulu vera í eðlilegu hlutfalli við föst laun viðkomandi og ekki hærri en sem nemur einum mánaðarlaunum á ári.

Heimilt er að greiða starfsfólki viðbótargreiðslur á meðan það er í fullu lögbundnu fæðingarorlofi sem nær yfir samfellda þrjá mánuði eða lengur. Markmið slíkra greiðslna er að draga úr tekjuskerðingu á meðan á fæðingarorlofi stendur, styðja við jafnrétti á vinnumarkaði og auka samkeppnishæfni

17-926 BA 

Landsvirkjunar sem vinnustaðar. Viðbótargreiðslur skulu vera í eðlilegu hlutfalli við föst laun viðkomandi starfsmanns og mega að hámarki nema 20% af föstum mánaðarlaunum í allt að 5 mánuði, eða fjárhæð sem alls nemur einum mánaðarlaunum yfir fæðingarorlofstímabilið.

3.5 Endurmenntun

Landsvirkjun leggur áherslu á endurmenntun starfsfólks, með það að markmiði að gera það betur hæft til þess að takast á við störf sín í síbreytilegu umhverfi og til þess að skapa því aukin tækifæri til að takast á við ný störf. Kostnaður skal vera hóflegur og í samræmi við tilgang endurmenntunarinnar. Í þeim tilvikum sem kostnaður vegna endurmenntunar starfsfólks er umtalsverður skal liggja fyrir rökstuðningur yfirmanns og samþykki forstjóra. Áhersla er lögð á jafnt aðgengi allra til endurmenntunar.

3.6 Starfslokasamningar

Landsvirkjun gerir ekki starfslokasamninga nema í undantekningartilvikum og þá vegna hagsmuna fyrirtækisins.

3.7 Stjórn

Þóknun stjórnarmanna er ákveðin á aðalfundi ár hvert eins og kveðið er á um í lögum um Landsvirkjun. Starfskjaranefnd gerir tillögu um þóknun stjórnarmanna og nefndarmanna í undirnefndum stjórnar fyrir liðandi kjörtímabil, sem lögð skal fyrir aðalfund, og skal í þeim efnum taka mið af þeirri ábyrgð sem á stjórnar- og nefndarmönnum hvílir og þeim tíma sem verja þarf til starfsins.

4. Innleiðing og upplýsingagjöf

Stjórn fyrirtækisins skipar starfskjaranefnd. Starfskjarastefna þessi er á ábyrgð stjórnar og er nánar fjallað um hlutverk og verkefni starfskjaranefndar í starfsreglum hennar.

Starfskjarastefna skal vera aðgengileg á ytri vef Landsvirkjunar. Laun framkvæmdarstjórnar eru birt í ársreikningi fyrirtækisins.

Starfskjarastefna þessi, sem samþykkt var á stjórnarfundi, er sett með vísan til starfsreglna starfskjaranefndar stjórnar Landsvirkjunar.

23. janúar 2026

Stjórn Landsvirkjunar

Byggt á
Bryggja Björnsdóttir
Linda M. Jónsdóttir
Höfnun yfirling

